

bæjarráð: Verkefnaáætlun og kostnaðarskipting í stafrænu samstarfi vegna 2025

Til : Arndís Dögg Jónsdóttir <arndisjo@isafjordur.is>
Frá : Bryndís Ósk Jónsdóttir <bryndis@isafjordur.is>
CC : Hjördís Þráinsdóttir <hjordis@isafjordur.is>
Heiti : bæjarráð: Verkefnaáætlun og kostnaðarskipting í stafrænu samstarfi vegna 2025
Málsnúmer : 2021010033
Málsaðili : Samband íslenskra sveitarfélaga
Skráð dags : 15.10.2024 10:03:29
Höfundur : Bryndís Ósk Jónsdóttir <bryndis@isafjordur.is>
Viðhengi : [03_Kostnaðar áætlun í stafrænum málum 2024 - Uppfærð.pdf](#)
[02_Kostnaðarskipting vegna ársins 2025.pdf](#)
[01_Samantekt um verkefni í stafrænu samstarfi 2025.pdf](#)
[image001.gif](#)

Þetta málsnr.
2021010033

Bryndís Ósk Jónsdóttir

sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs / bæjarritari
Ísafjarðarbær
450 8000 - [www.isafjordur.is](#)

From: Þórdís Sveinsdóttir

Sent: mánudagur, 14. október 2024 20:20

To: Fulltrúar í stafrænni umbreytingu

Cc: Björgvin Sigurðsson ; Dagný Edda Þórisdóttir

Subject: Verkefnaáætlun og kostnaðarskipting í stafrænu samstarfi vegna 2025

Sæl öll sömul

Meðfylgjandi er tilkynning um verkefnaáætlun og kostnaðarskiptingu í stafrænu samstarfi fyrir árið 2025. Tilkynningin er send á alla framkvæmdastjóra sveitarfélaga eða oddvita sveitarfélaga sem taka þátt í stafrænu samstarfi, auk allra fulltrúa sveitarfélaga sem taka þátt í stafrænu samstarfi, til upplýsingar.

Meðfylgjandi er samantekt um kostnaðarþátttöku fyrir samstarf sveitarfélaga um stafrænna þróun og umbreytingu, vegna fjárhagsáætlanagerða sveitarfélaga 2025.

Áætlaður kostnaður verður sambærilegur og var fyrir árið í ár, sökum verkefna sem tengjast samstarfsverkefnum ríkis og sveitarfélaga.

Tillögur að fjármögnun og verkefnum stafræna teymis hafa verið lagðar fram á fundum stafrænts ráðs sveitarfélaga og faghóps.

Verkefnaval ársins 2025 er byggt á markmiðum Landsþings Sambandsins og tekur mið að samstarfsverkefnum Sambandsins við ríkið.

Kostnaðarþátttökunni er skipt upp í tvo flokka, föst fjármögnun vegna innra starfs stafræns teymis Sambandsins og verkefnatengd fjármögnun.

Kostnaðarþátttaka fyrir árið 2025 verður samtals 78.000.000 kr. vegna stafræns samstarfs og skiptist:

- Föst fjármögnun vegna innra starfs samtals 45.000.000 kr.**
- Verkefnistengd fjármögnun samtals 33.000.000 kr.**

Að auki viljum við tilkynna um breytingu á áætlun vegna ársins 2024.

Ákveðið hefur verið að ekki innheimta fyrir áætluðum kostnaði vegna verkefnis um „gagnamiðlara vegna Íslands.is og HMS“, að fjárhæð 12 milljón króna.

Ástæðan þess er að viðkomandi verkefni er enn í undirbúningi og er stafrænt teymi Sambandsins að skoða mismunandi útfærslu í samstarfi við ráðuneytin, opinbera aðila og Reykjavíkurborg. Þar sem ekki er líklegt að viðkomandi kostnaður muni falla til í ár, þá var ákveðið að ekki innheimta þann kostnað. Viðkomandi verkefni er á verkefna- og fjárhagáætlun fyrir árið 2025.

Kostnaðarþátttaka fyrir árið 2024 verður því samtals 59.500.000 kr. vegna stafræns samstarfs í staðinn fyrir 71.500.000 kr.

-
Meðfylgjandi eru:

- Samantekt um verkefnin í stafrænu samstarfi 2025
- Kostnaðarskipting vegna ársins 2025
- Uppfærð kostnaðarskipting vegna ársins 2024

-
Endilega hafið samband ef þið hafið einhverjar spurningar.

Kveðja,



Þórdís Sveinsdóttir

sviðsstjóri þróunarviðs

Beint innval: 515 4923 // GSM: 843 0710

Netfang:

thordis.sveinsdottir@samband.is

Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30, pósthólf 8100

128 Reykjavík

Sími: 515 4900

www.samband.is

Þú færð þetta skeyti vegna þess að þú ert meðlimur Fulltrúar í stafrænni umbreytingu hópsins frá Samband íslenskra sveitarfélaga. Til að taka þátt í þessu samtali skaltu svara öllum viðtakendum skeytisins.

[Skoða hópskrár](#) | [Hætta í hópnum](#) | [Frekari upplýsingar um Microsoft 365 hópar](#)